

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2010

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2010 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Á þriðja ársfjórðungi mældist 23,8 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði samanborið við rúmlega 44 ma.kr. halla á öðrum fjórðungi. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 21,8 ma.kr. og 35,3 ma.kr. afgangur var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 33,3 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á þriðja ársfjórðungi má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 38,8 ma.kr. og tekjur um 1 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var jákvæður um 4,5 ma.kr. og viðskiptajöfnuður jákvæður um 61,7 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 3.911 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.208 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 9.297 ma.kr. og lækka nettóskuldir um tæpa 558 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.580 ma.kr. og skuldir 2.947 ma.kr. og var hrein staða neikvæð um 368 ma.kr.

Endurskoðað mat á eignum innlánsstofnana í slitameðferð

Seðlabankanum hafa nú borist haldbærar upplýsingar um erlendar eignir innlánsstofnana í slitameðferð en áreiðanlegar tölur um erlendar eignir hafa ekki verið til taks frá hruni. Eins og við var að búast eru eignir innlánsstofnana í slitameðferð töluvert lægri en áður hefur verið áætlað. Við þessa breytingu versnar erlend staða þjóðarbúsins, að innlánsstofnunum í slitameðferð meðtöldum, töluvert miðað við áður birtar tölur. Þetta hefur hinsvegar engin áhrif á erlenda stöðu án innlánsstofnana í slitameðferð sem hefur haldið áfram að batna síðustu ársfjórðunga.

Endurskoðunin hefur einnig áhrif á þáttatekjur og er þáttatekjujöfnuður, og þar af leiðandi viðskiptajöfnuður, lakari en áður hefur verið mælt. Endurskoðunin hefur engin áhrif á viðskiptajöfnuð án innlánsstofnana í slitameðferð.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Erlend verðbréfaeign

Erlend verðbréfaeign innlendra aðila hefur verið endurmetin með hliðsjón af niðurstöðum úr árlegri könnun á verðbréfafjárfestingu á milli landa (Coordinated Portfolio Investment Survey). Könnunin var unnin af starfsmönnum Seðlabanka Íslands en er á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Hún er framkvæmd í yfir 70 löndum en niðurstöður úr henni hafa verið birtar á vef sjóðsins. (Sjá <http://www.imf.org/external/np/sta/pi/global.htm>).

Bein erlend fjárfesting

Bein erlend fjármunaeign Íslendinga erlendis hefur verið endurskoðuð frá fjórða ársfjórðungi 2009 til annars ársfjórðungs 2010. Erlend fjármunaeign á umræddu tímabili var hærri en áður var talið. Ástæðan er einna helst yfirtaka á erlendum félögum vegna lánakrafna í eigu innlánsstofnana í slitameðferð.

Landa- og atvinnugreinaskipting beinna fjárfestinga (árstölur) verður birt 9. desember nk. (Sjá <http://www.sedlabanki.is/?PageID=291>).

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>	<u>2010 /2</u>	<u>2010 /3</u>
Viðskiptajöfnuður	-47,1	-17,3	0,6	-44,5	23,8
Útflutningur vöru og þjónustu	232,3	204,3	194,6	221,2	232,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-180,3	-173,0	-163,5	-171,6	-175,7
Þáttatekjur og framlög, nettó	-99,0	-48,6	-30,5	-94,1	-33,4
Fjármagnsjöfnuður	5,1	-330,2	99,0	60,1	-13,8
Fjármagnshreyfingar án forða	53,9	-279,2	115,4	161,2	-62,7
Erlendar eignir, nettó	-5,4	-274,8	-88,3	53,4	-65,9
Erlendar skuldir, nettó	84,6	53,3	203,7	107,8	3,2
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-48,5	-50,6	-16,2	-101,0	49,0
Skekkjur og vantalið nettó	42,0	347,6	-99,5	-15,6	-10,0

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2009 /3</u>	<u>2009 /4</u>	<u>2010 /1</u>	<u>2010 /2</u>	<u>2010 /3</u>
Erlendar eignir, alls	4.006	4.259	4.138	4.088	3.911
Bein fjárfesting erlendis	890	1.158	959	1.041	975
Erlend markaðsverðbréf	1.007	929	925	843	836
Aðrar fjáreignir en forði	1.674	1.688	1.764	1.642	1.612
Gjaldeyrisforði	435	485	490	562	487
Erlendar skuldir, alls	14.726	14.640	14.381	13.943	13.208
Bein fjárfesting á Íslandi	1.057	1.079	1.051	985	936
Innlend markaðsverðbréf	5.427	4.965	4.519	3.887	3.568
Aðrar erlendar skuldir	8.242	8.597	8.811	9.071	8.703
Hrein staða við útlönd	-10.721	-10.382	-10.243	-9.855	-9.297

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.